

Fundur í foreldrafélagi Naustaskóla 21. Janúar 2013

Mættir: Erla Rán, Vaka, Auður, Berglind, Ásdís og Fanney

Skólastarfið:

Almennt rætt um skólastarfið og fulltrúar sögðu frá. Lítið hefur verið gert á árinu nema 5. bekkur er búnn að halda myndbandakvöld og 7. bekkur hittist í vikunni. Skólinn og foreldrar í 7. bekk eru í góðri samvinnu við að efla hópandann og samstöðu í bekknum. Áætlað er að bekkurinn hittist mánaðarlega fram á vorið.

Skjatti:

Rætt um tilgang skjatta þar sem hann kemur oftast fyrir sjónir sem skipulagsbók, nemendur skrá hvað þeir ætla að gera í vikunni og krossa svo yfir hvað þeir hafa gert. Foreldrar héldu líka að bókin ætti að nýtast í endurgjöf frá kennurum á nám barnanna. Hugmyndir hjá foreldrum hvort ekki sé hægt að nota ódýrari skipulagsbók ef hún á ekki að notast í neitt annað.

Fræðsla um kynferðismál:

Hvernig er umræðan í skólanum um alla þá fjölmiðlaumræðu sem hefur verið um kynferðisafbrot í samfélaginu? Er einhver fræðsla og hvernig er henni háttað?

SAMTAKA:

Við Sigga fórum á fund hjá Samtaka í síðustu viku þar sem umræðuefnið var fyrst og fremst tölvunotkun barna, en stefnt er að því að halda málþing í vor um vandamál er tengjast tölvunotkun, mögulega forvarnarstarfsemi sem og úrræði fyrir þau sem eru illa stödd. Hugmyndavinna er að hefjast og allir hvattir til að taka þátt. Guðjón Hreinn Hauksson er þar í fararbroddi. Foreldrar hvattir til að taka þátt í umræðum á lokaðri FB síðu: <https://www.facebook.com/groups/samtaka/>

Fjáraflanir:

Þegar skólinn var að stækka fór nær allur ágóði af fjáröflunum til 7. bekkjar því nemendur voru að safna fyrir Reykjaskólaferð. Í fyrra var sú ákvörðun tekin að skipta þessu niður þannig að bæði 7. og 10. bekkur gæti notið góðs af. Ákveðið var að 7. bekkur fengi ágóðan af árhátíðinni. Núna vantar 10. bekk peninga fyrir skólaferðalaginu og því eru hugmyndir uppi um að breyta þessu aftur. Foreldrar eru ósáttir við það þar sem þessi 10. bekkur hefur í raun fengið mikinn skerf af öllum fjáröflunum í gegnum árin og 7. bekkur á lítið sem ekkert fyrir Reykjaskólaferðinni og stólaði á ágóðann af árhátíðinni.

Árshátíð:

Enn og aftur vilja foreldra ítreka að ALLIR fái að koma fram á árshátíð skólans. Þeir sem kjósa að vera sviðsmenn eða aðstoðarmenn verði klappaðir fram í lok hvers atriðis þannig að þeir átti sig á að þeir hafi verið hluti af heildinni og þeirra verk hafi skipt máli.

Leikskýning:

Menntaskólinn á Akureyri er að setja upp Litla ljóta andarungann og ætlar að sýna í leik- og grunnskólum bæjarins. Ákveðið var að þiggja boð þeirra og verður það í samráði við skólann

hvaða aldri verði boðið. Kostnaður er 15.000-20.000 kr., eftir því hvort við tökum 1 eða 2 sýningar.

Hafragrautur:

Foreldrar vilja vita hvar hafragrautsmálin standa.

Fyrirlestrar:

Hugmyndir um hvort foreldrafélagið eigi að standa fyrir einhverjum fyrirlestrum fyrir foreldra í vetur. Nefndarmenn ætla að horfa í kringum sig eftir góðum fyrirlestrum sem gætu hentað í fyrir foreldra í Naustaskóla.